

Samþykktir

Samþykktir fyrir Knattspyrnufélag Fjarðabyggðar ehf.

1. Félagið heitir Knattspyrnufélag Fjarðabyggðar.
2. Heimili og varnaþing félagsins er að Strandgötu 46, 735 Fjarðabyggð.
3. Tilgangur félagsins er að standa að rekstri knattspyrnuliðs í karla og kvennaflokki. Félagið mun annast rekstur liða í meistarflokki karla og kvenna og einnig í 2 flokki, karla og kvenna sé áhugi til þess. Markmið félagsins er að vinna með íþróttafélögunum í Fjarðabyggð að eflingu knattspyrnuíþróttarinnar í bæjarfélaginu.
4. Hlutfé félagsins er kr. 1.044.000 Einmilljónfjörtíuog fjögurþúsund. Hver hlutur er að fjárhæð 1000 kr.
5. Heimilt er að hækka hlutfé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í sínum eigin flokkum í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækunn hlutfjár.
6. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Eigendaskipti að hlutum í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart því fyrir en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega. Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Að félaginu fjárgengu hefur hluthafi forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutfjárreign sína. Verði ágreiningur um verð hluta skal það ákveðið með mati tveggja óvillhallra mann sem dómkvaddir skulu til þess starfa. Forkaupsréttarhafi hefur tveggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð. Óheimilt er að veðsetja eða gefa hlut í félaginu án samþykkis félagsstjórnar.
7. Félagið má eigi veita lán útá hlutii sína. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hlut af því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.
8. Hluthafi ber ekki ábyrð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.
9. Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda sbr. Lög um einkahlutafélög (ehf).
10. Aðalfundur skal haldinn fyrir lok apríl ár hvert. Aukafund skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa sem ráða a.m.k. einum þriðja hluta hlutfjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Ef stjórnin skrírrist við að boða fund eftir að móttaka slíka kröfu má leita atbeina hlutfjárskrár samkvæmt 62. Gr. Laga um einkahlutafélög
11. Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrðabréfi, tölvupósti, símskeyti eða á annan jafn sannanlegan hátt. Aðalfund skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutfjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða

átti á fyrri fundinum ef hann sækja tveir hluthafar eða fleiri eða umboðsmenn þeirra enda ráði þeir yfir fimmtungi hlutfjár í félaginu hið minnsta.

12. Eitt atkvæði fylgir hverjum 1000 krónum í hlutfé. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með athvæðisrétt sinn. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:
- Að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar.
 - Að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum
 - Að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti eða
 - Að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

13. Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
- Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda eða skoðunarmanna félagsins til samþykktar.
- Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur eða skoðunarmenn.
- Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóði.
- Ákvörðun skal tekin um greiðslu til stjórnar – og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
- Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál löglega upp borin.

14. Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

15. Stjórn félags skal skipuð fimm mönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Einum aðila frá hverju aðildarfélagi; Íþróttafélaginu Þrótti Neskaupstað, Ungmennafélagi Austra Eskifirði, Ungmennafélaginu Val Reyðarfirði og ungmennafélagi Súlunni Stöðvarfirði og síðan einn aðili fulltrúi kvennaktspyrnu eða unglíngaráði. Jafnframt skulu kjörnir fimm varamenn í stjórn. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gangvart þriðja aðila. Undirskriftir allra stjórnarmanna skuldbinda félagið. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

16. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnafundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

17. Stjórn félagsins ræður sér framkvæmdastjóra ef þörf krefur. Að öðrum kosti fer stjórnarformaður með daglega stjórn í félaginu. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og samingagerð í samráði og með samþykki stjórnar. Framkvæmdsstjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum. Stjórn skal setja framkvæmdastjóra starfsreglur sem kveða á um starfsskyldur og heimildir til að skuldbinda félagið vegna daglega reksturs.

18. Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn eða fleiri löggilda endurskoðendur eða skoðunarmenn ásamt varamönnum. Skulu þeir rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðendur eða skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.
19. Starfsár og reikningsár félagsins er almannaksárið . Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.
20. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.
21. Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi með samþykki allra hluthafa.
22. Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum . Þarf athvæði allra hluthafa til þess að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.
23. Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli fara skal hlíta ákvæðum laga um einkahlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við getur átt.

Þannig samþykkt í Fjarðabyggð, 17. September 2009